

371. fundur Skólanefndar FS

12. febrúar 2025



Mættir: Bjarni Páll Tryggvason formaður, Ásrún Helga Kristinsdóttir, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Hermann Borgar Jakobsson áheyrnarfulltrúi nemenda, Guðlaug María Lewis áheyrnarfulltrúi foreldra og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Staðan við upphaf annar.
 2. Stefnumótun, húsnæðismál og viðbygging.
 3. Dagskrá NFS.
 4. Önnur mál.

1. Staðan við upphaf annar.

Skólameistari sagði frá stöðunni við upphaf annar. Einn nýr starfsmaður bættist við, Þóra Sigríður Jónsdóttir hóf störf á starfsbraut í stað Helgu Jakobsdóttur sem hætti um áramótin. Nemendur eru um 1170 í dagskóla, síðdegisskóla og í valáföngum sem grunnskólanemendur taka. Sú breyting var gerð frá síðasta skólaári að nýnemar verða ekki í bekkjarkerfi eftir áramót en eru áfram saman í umsjón. Vetrarleyfi verður 27. og 28 febrúar en það er í fyrsta sinn sem slíkt leyfi er á vorönn. Þegar er farið að huga að dagatali næsta skólaárs og eru drög komin á vef skólans. Verið er að skoða að taka upp kennslukerfið Canvas í staðinn fyrir kennsluumsjónarkerfið í Innu. Nokkrar framhaldsskólar hafa tekið Canvas upp hjá sér.

2. Stefnumótun, húsnæðismál og viðbygging.

Skólameistari ræddi um húsnæðismál. Sumarbústaður sem verið er að byggja verður seldur í vor en búið er að panta gámastofu til að bæta við þær tvær sem nú eru í notkun. Stokkatöflu verður breytt næsta skólaár þannig að kennt verður lengur fram á daginn en þannig nýtast kennslustofur betur. Búið er að fá samþykki ráðuneytis fyrir að skólinn taki við kennslu í fótaaðgerðafræði af Keili og verður kennsluhúsnæði leigt af Reykjanesbæ. Ekki fékkst samþykki fyrir að taka við fjarnámi sem Keilir hefur boðið upp á. Engar fréttir hafa borist úr ráðuneyti varðandi viðbyggingu. Ljóst er að brýn nauðsyn er á að stækka húsnæði enda hefur nemendum fjölgað og miðað við fólksfjölgun á svæðinu mun sú þróun halda áfram. Búið er að gera við húsnæði á 1. hæð í álmu 3 þar sem kominn var raki vegna leka við útvegg. Í sumar verður ástand allrar þeirrar hæðar skoðað en líklegt er að jarðskjálftar undanfarinna ára hafi valdið þessum skemmdum. Skólameistari sagði einnig frá kaupum á tækjum og búnaði.

HJG
HJK

HJG

Gml.

ARK
KAS

SLM
GU. BJK

3. Dagskrá NFS.

Hermann Borgar formaður nemendafélagsins sagði frá starfsemi félagsins. Lögð hefur verið áhersla á að vera með fjölbreytta dagskrá þannig að fleiri taki þátt. Mæting hefur verið misgóð en í flestum framhaldsskólum hefur þátttaka nemenda í félagslífi minnkað undanfarin ár. Lið skólans er komið í 8 liða úrslit ræðukeppninnar MORFÍS. Góðgerðavika verður helguð Minningarsjóði Bryndísar Klöru.

4. Önnur mál.

a) Í dag var uppbrotsdagur sem var að þessu sinni spiladagur. Í hádeginu var boðið upp á matartorg og Jón Jónsson og GDRN skemmtu. Dagurinn tókst mjög vel og var góð stemning. Starfshlaup er svo síðasta dag fyrir páskafri.

b) Rætt um kjaramál kennara og mögulegar verkfallsaðgerðir. Enn er ekki ljóst hvort eða hvenær verkfall verður í skólanum.


Fleira ekki gert og fundi slitið.




Bjarni Páll Tryggvason, formaður



Ásrún Helga Kristinsdóttir




Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir



Gunnar Valdimarsson



Kristján Ásmundsson, skólameistari



Halldór Rósmundur Guðjónsson



Guðlaug María Lewis



Hermann Borgar Jakobsson



Guðmann Kristþórsson, fundarritari